



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	1. fundur stjórnar KLÍ 2019-2020
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	20. maí 2019 kl. 18:00
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri Stefán Ingi Óskarsson 1. varamaður Björn Kristinsson (BK) 3. varamaður
Boðuð forföll:	Ingi Geir Sveinsson (IGS) Ritari Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Meðstjórnandi Stefán Claessen (SC) 2. varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdarstjóri
Fjarverandi:	
Fundarritari:	JÁJ

Dagskrá fundar

Fundargerð síðasta fundar	1
Skipting verka	1
Verkefni frá 26. Ársþingi KLÍ	1
Íþróttastjóri KLÍ	2
Önnur mál	2

Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir með fundargerð síðasta fundar.

Skipting verka

JÁJ leggur til óbreytta skipan verkefna stjórnar. Samþykkt.

Verkefni frá 26. Ársþingi KLÍ

Laga- og reglnanefnd – Milliþinganefnd. Rætt um það sem fór fram á þingi. Lagt til að þeir aðilar sem voru í nefndinni á þingi verði boðið að taka sæti í þessari nefnd. Ef þess þarf verður HH í nefndinni sem fulltrúi stjórnar KLÍ. JÁJ sendir á nefndarmenn með lista yfir verkefni. Gunnar Þór Ásgeirsson hefur lýst yfir vilja til að aðstoða við skrif reglna. JÁJ búinn að ræða við Davíð B Gíslason í Laganefnd ÍSÍ sem er til í að aðstoða okkur við að sjá til þess að Aga- og Úrskurðarnefnd samræmist kröfum ÍSÍ til sérsambanda.

Dómaramál. SUV leggur til að gjald verði innheimt af liðum sem fer í dómaramál. KLÍ kemur með á móti með framlag í dómarsjóð. Dómarar verða á öllum aðalmótum næsta tímabili. JÁJ nefnir að Allsherjarnefnd lagði til á þingi að virkja ákvæði í reglugerð um að KLÍ sendi eftirlitsdómara í

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

deildir í stað þess að vera með stöðuga viðveru dómara í deild. Þarf að útfæra betur en almennt áhugi á þessari útfærslu.

Íþróttastjóri KLÍ

Umræður um starfið og hvað þarf að gera. JÁJ sendir á stjórn starfslýsingu til yfirferðar.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður væntanlega ekki fyrr en í lok sumar. Lagt til að vinna mál í póstsamskiptum, á Fésbók og síma eftir atvikum.

Fundi slitið 19:30